

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 324/2023

2024/EES/48/27

frá 8. desember 2023

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2222 frá 14. júlí 2023 um framlengingu á umbreytingartímabilinu sem mælt er fyrir um fyrir viðmiðanir þriðja lands í 5. mgr. 51. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 311zb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1848) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„311ze. **32023 R 2222**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2222 frá 14. júlí 2023 um framlengingu á umbreytingartímabilinu sem mælt er fyrir um fyrir viðmiðanir þriðja lands í 5. mgr. 51. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 (Stjóð. ESB L, 2023/2222, 23.10.2023).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/2222, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L, 2023/2222, 23.10.2023.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.